



Stöðuskýrsla höfuðborgarsvæðisins

Töluleg samantekt

Mars 2010

Inngangur

Ágæti viðtakandi,

Þú hefur verið valin(n) til að taka þátt í Þjóðfundum á höfuðborgarsvæðinu sem haldinn verður laugardaginn 20. mars næstkomandi. Í þessari samantekt er ýmis opinber fróðleikur um höfuðborgarsvæðið sem getur nýst vel í þeirri vinnu sem framundan er.

Í Sóknaráætlun 20/20 er markmiðið að skapa nýja sókn í atvinnulífi og móta framtíðarsýn um betra samfélag. Samfélag sem mun skipa sér í fremstu röð í verðmætasköpun, menntun, velferð og sönnunum lífsgæðum. Einnig er leitast við draga fram styrkleika og sóknarfæri hvers svæðis og gera tillögur og áætlanir á grunni þeirra. Þá verður leitast við að forgangsraða fjármunum, nýta auðlindir og virkja mannauð þjóðarinnar til að vinna gegn fólksflóttu og leggja grunn að velsæld.

Samkeppnishæfni stuðlar að hagsæld þjóða og svæða. Það er framleiðni eða verðmætasköpun sem byggist á vinnuframlagi einstaklinga, tækjum og/eða annars konar auðlindum. Aukin framleiðni hefur jákvæð áhrif á hagsæld svæðis eða þjóðar.

Við skilgreiningu á árangri varðandi samkeppnishæfni þjóða er gjarnan horft til frammistöðu í þremur meginflokkum, en þeir eru; hagsæld, umhverfi og lífsgæði/jöfnuður.

Í þessari samantekt er yfirlit yfir helstu vísa sem notaðir eru til að mæla samkeppnishæfni þjóða með aðlögun sem hentar til að meta stöðu einstakra svæða. Staða höfuðborgarsvæðisins er síðan mátuð við þá.

Höfuðborgarsvæðið er skilgreint sem svæði sem nær til Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kjósarhrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarneskaupstaðar, og Sveitarfélagsins Álftaness.

Úr skilgreiningu sóknarsvæða:

Á höfuðborgarsvæðinu búa rúmlega 200 þúsund íbúar þar af rúmlega 118 þúsund í Reykjavík, um 30 þúsund í Kópavogi, tæplega 26 þúsund í Hafnarfirði, tæplega 10.600 í Garðabæ, rúmlega 8.500 í Mosfellsbæ og um 4.400 á Seltjarnarnesi og rúmlega 2.500 í Sveitarfélaginu Álftanesi.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Efnisyfirlit	4
1 Helstu niðurstöður	5
2 Hagsæld.....	6
3 Umhverfi	7
4 Lífsgæði og jöfnuður	12
5 Vinnumarkaður	20
6 Grunn- og leikskólar	27
7 Framhaldsskólar	33
8 Háskólar	35
9 Opinberar rannsóknir.....	38
10 Nýsköpun í fyrirtækjum	39
11 Frumkvöðlar	42
12 Virkni opinberrar þjónustu.....	43
13 Ástand hagkerfisins	44
14 Rekstur og árangur fyrirtækja	47
15 Samgöngur og tækni	52
16 Auðlindir.....	58
17 Menningarmál, söfn og félagsstörf	65

Helstu niðurstöður

- Verðmætasköpun á mann á höfuðborgarsvæðinu hefur vaxið um 33% frá 2001 til 2008 ef miðað er við þáttatekjur á mann, sem er næst mesta aukningin á landsvísu. Mest er aukningin á Austurlandi.
- Um 99,5% íbúa Reykjavíkur og Reykjanes njóta hitaveitu sem er hæsta hlutfallið á landsvísu.
- Raforkunotkun höfuðborgarsvæðisins er 27% af heildarnotkun landsins árið 2008.
- Íbúum á höfuðborgarsvæðinu hefur farið fjölgandi ár frá ári allt frá 1998. Á tímabilinu 1998 til 2009 hefur íbúum á svæðinu fjölgað um rúmlega 22%.
- Hlutfall aldraða sem njóta heimaþjónustu er næst hæst á höfuðborgarsvæðinu, en meðalfjöldi vinnustunda á heimila aldraðra er hæstur á svæðinu.
- Hlutfall einstaklinga sem njóta fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga er hæst á höfuðborgarsvæðinu eða 2,4%.
- 65,5% af íbúum á höfuðborgarsvæðinu er á vinnualdri, 18-66 ára. Hlutfall barna er næst lægst í samanburði við önnur landsvæði.
- Hlutfall ellilífeyrisþega af heildarfjölda 67 ára og eldri er 71% á höfuðborgarsvæðinu sem er það lægsta landsvísu.
- Hlutfall barna með umönnunarmat er þriðja hæsta á landsvísu á höfuðborgarsvæðinu eða 6,2%.
- Um 80% af starfandi fólki vann við þjónustugreinar á árinu 2008, 19,5% starfaði við framleiðslustarfsemi og iðngreinar og um 1% starfaði við frumvinnslugreinar.
- Hlutfall erlendra ríkisborgara er tæplega 8% á höfuðborgarsvæðinu sem er nálægt landsmeðaltali.
- Atvinnuleysi mælist 8,8% á höfuðborgarsvæðinu sem er aðeins yfir landsmeðaltali. Svæðið sker sig úr að því leyti að meira atvinnuleysi er meðal fólks með framhaldsskólamenntun en annars staðar.
- Fjárframlög pr. nemanda í leikskóla á höfuðborgarsvæðinu er hæst á landsvísu en kostnaður pr. nemanda í grunnskólum á svæðinu er undir landsmeðaltali.
- Frammistaða nemenda í námi á höfuðborgarsvæðinu er almennt betri en annars staðar á landinu.
- 16 framhaldsskólar með rúmlega 13 þúsund nemendaígildi eru á höfuðborgarsvæðinu.
- Rúmlega 15 þúsund nemar í framhaldsskólum eru með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu.
- Tæplega 13 þúsund einstaklingar með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu voru við háskólanám 2008. Frá árinu 2000-2008 hefur fjöldi þeirra sem útskrifast úr háskóla og eru með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu rúmlega tvöfaldast.
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Impira styðja við nýsköpun og frumkvöðlastarf bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísu.
- Tekjuvöxtur nýrra fyrirtækja er mun hraðari á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landinu.
- Ef horft er til fjárhagsstöðu sveitarfélaga er höfuðborgarsvæðið með mestan mun á tekjum umfram gjöld og einnig er mest hrein eign pr. íbúa á höfuðborgarsvæðinu.
- Þegar horft er til fyrirtækja með lögheimili á svæðinu voru launagreiðslur mestar í verslun og þjónustu árið 2008 en rekstrarafkoman best í fasteignaviðskiptum.
- Höfuðborgarsvæðið er með langmesta aukningu í fjölda gistingu á hótélum á tímabilinu 2000-2008.
- Heildarvegalengd stofnbrauta á höfuðborgarsvæðinu er 132 km sem er næst minnst, aðeins Suðurnes er með minni vegalengd.
- Höfuðborgarsvæðið er með mesta hlutdeild aflamarks í þorskígildistönnum eða 16,5% af heildinni. Mesta hlutdeild í einstökum tegundum hefur svæðið í karfa og ufsa.
- Höfuðborgarsvæðið hefur náð að auka aflaheimildir sínar í tonnum talið þrátt fyrir samdrátt á landsvísu á tímabilinu frá 2000-2009.
- Á höfuðborgarsvæðinu er einn virkjanakostur tilgreindur í Rammaáætlun varðandi jarðvarma en það er Hengilssvæðið. Ekki eru virkjanakostir í vatnsafla á svæðinu.
- Menningarstarf er blómlegt á höfuðborgarsvæðinu og árið 2006 heimsóttu tæplega 630 þúsund manns minja- og munasöfn á höfuðborgarsvæðinu.

2 Hagsæld


2.1 Þáttatekjur (laun+hlutdeild í afkomu og afskriftum skipt á landshluta eftir launum.)

Þáttatekjur á mann lýsa verðmætasköpun sem birtist í formi launa og afkomu fyrirtækja. Á höfuðborgarsvæðinu hafa þáttatekjur á mann vaxið um 33% á tímabilinu 2001 til 2008 sem er næst mesta aukningin á landsvísu á eftir Austurlandi. Þáttatekjur birtast í millj. kr. á íbúa og eru reiknaðar á grundvelli launa en afskriftum og rekstrarhagnaði fyrirtækja er bætt við á grundvelli meðaltalstalna. Þáttatekjur á mann eru hæstar á höfuðborgarsvæðinu í samanburði við önnur svæði 2008.

Ár	Höfuðborgar- svæðið	Norðurland Norðurland						
	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	vestra	Eystra	Austurland	Suðurland	
2001	2,1	2,3	1,8	1,7	1,8	1,8	2,0	
2002	2,1	2,2	2,0	1,7	1,7	2,0	2,1	
2003	2,1	2,1	1,9	1,6	1,7	1,9	2,0	
2004	2,3	2,1	2,1	1,9	2,0	2,3	2,0	
2005	2,4	2,1	2,3	1,9	2,0	2,8	2,1	
2006	2,6	2,1	2,2	1,8	1,8	2,8	2,2	
2007	2,7	2,4	2,1	1,8	1,8	3,0	2,1	
2008 (áætlun)	2,8	2,4	2,3	1,8	1,8	2,7	2,1	
Breyting á tímabili	33%	4%	13%	28%	6%	0%	50%	5%

Heimild: Hagvöxtur landshluta 2001-2008 Byggingastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands des. 2008

Þróun þáttatekna eftir svæðum




2.2 Aðrir æskilegir en ekki fyrirbyggjandi árangursmælikvarðar fyrir hagsæld

- Framleiðniaukning / Framleiðni pr. vinnustund
- Uppruni framleiðniaukningar
- Breytingar á framleiðni í lykilatvinnugreinum 1999-2008

Umhverfi

Hlutfall endurnýjanlegrar orku í orkunotkun


Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um hlutfall endurnýjanlegrar orku í orkunotkun niður á landshluta og því eru birtar upplýsingar fyrir landið í heild. Eins og sést hér að neðan er samkeppnisstaða Íslands góð að þessu leyti.



Heimild: Orkustofnun

3.2 Breytingar á hlutfalli endurnýjanlegrar orku í orkunotkun

Notkun á endurnýjanlegri orku hefur aukist umtalsvert og vex næst mest á Íslandi á tímabilinu 2002-2006 í samanburði við 1997-2001. Einungis Danmörk nær betri árangri.



Heimild: Orkustofnun

3.3 Hlutfall íbúa sem njóta hitaveitu

Tæplega 99,5% íbúa Reykjavíkur og Reykjanes njóta hitaveitu og er það hæsta hlutfallið á landsvísu.


Hlutfall íbúa sem nutu hitaveitu árið 2007

Reykjavík og Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norður-land vestra	Norður-land eystra	Austur-land	Suður-land	Lands-meðaltal
99,5%	75,1%	6,8%	84,3%	87,2%	25,6%	68,6%	88,9%

Heimild: Orkustofnun

3.4 Raforkunotkun

Raforkunotkun á höfuðborgarsvæðinu var um 27% af heildarnotkun árið 2008 . Raforkunotkun er meiri á Vesturlandi og Austurlandi.



Heimild: Orkustofnun, Raforkuspá 2009-2030

3.5 Verndarsvæði – fjöldi/flatarmál

Á höfuðborgarsvæðinu er enginn þjóðgarður, 6 friðlönd, 10 náttúruvætti, 8 fólkvangur og 21 önnur friðuð svæði og náttúruminjar.


	Fjöldi	Stærð
Þjóðgarðar	0	
Friðlönd	6	284,8 ha
Ástjörn, Hafnarfirði		225 ha
Gróttu, Seltjarnarnesi		5 ha
Varmárósar, Mosfellsbæ		9,6 ha
Bakkatjörn, Seltjarnarnesi		14 ha
Kasthúsatjörn og aðliggjandi fjara, Álftanes		4,2 ha
Gálgahraun, Garðabæ		27 ha
Náttúruvætti	10	62 ha
Borgir, Kópavogi		3 ha
Eldborg í Bláfjöllum		50 ha
Fossvogsbakkar, Reykjavík		
Hamarinn, Hafnarfirði		2 ha
Háubakkar við Elliðaárvog		2 ha
Kaldárhraun og Gjárnar í Hafnarfirði		
Litliborgir í Hafnarfirði		
Laugarás, Reykjavík		
Steðji (Staupasteinn) á Skeiðhóli, Kjósarhreppi		
Tröllabörn í Lækjarbotnum, Kópavogi		5 ha

Víghólar, Kópavogi		1 ha
Valhúsahæð, Seltjarnarnesi		
Fólkvangar	8	38.445 ha
Bláfjöll, Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík, Seltjarnarnesi		8.400 ha
Rauðhólar, Reykjavík		45 ha
Reykjanesfólkvangur, Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og Seltjarnarnesi		30.000 ha
Ásfjall, Hafnarfirði		
Hleinar í Hafnarfirði		
Hlíð í Bessastaðahreppi		
Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða, Hafnarfirði		
Kasthúsatjörn og aðliggjandi fjara		
Stekkjarhraun í Hafnarfirði		
Önnur friðuð svæði, náttúruminjar og búsvæði	21	
Skerjafjörður innan bæjarmarka Garðabæjar	Straumsvík, Hafnarfirði	Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða, Hafnarfirði
Vífilsstaðavatn og Hraunholtslækur, Garðabæ	Búrfell og Búrfellsgjá, Garðabæ	Urriðakotsvatn, Garðabæ
Bessastaðanes, Gálgahraun og fjörur frá Bala að Kársnesi, Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Bessastaðahreppi	Öskjuhlíð, Reykjavík	Tjörnin og Vatnsmýri, Reykjavík
Valhúsahæð, Seltjarnarnesi	Seltjarnarfjörur og Suðurnes, Seltjarnarnesi	Vesturhorn Laugarness, Reykjavík
Elliðaárdalur, Reykjavík	Myllulækjartjörn í Heiðmörk, Reykjavík	Grafarvogur, Reykjavík
Gufuneshöfði, Reykjavík	Viðey, Reykjavík	Eyjar á Kollafirði, Reykjavík
Úlfarsá og Blikastaðakró, Reykjavík, Mosfellsbæ	Leiruvogur, Mosfellsbæ	Tröllafoss, Mosfellsbæ, Kjalarneshreppi
Andríðsey, Kjalarneshreppi		
Heimild: UST		


3.6 Útgefin starfsleyfi Umhverfisstofnunar

Á höfuðborgarsvæðinu eru 5 starfsleyfis skyldar sorpstöðvar, 3 olúbirgðastöðvar, 1 fiskimjölsverksmiðja, 1 álver, 2 malbikunarstöðvar, 1 brennslustöð og 3 málningarverksmiðjur.

3.7 Loftmengun (svifryk og NO₂)



Mynd 3. Sólarhringsmeðaltöl köfnunarefnisdíoxíðs (NO₂) við Grenásveg (blá lína), í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (FHG - græn lína) og við Miklubraut (farstöð - bleik lína).



Mynd 4. Sólarhringsmeðaltöl svifryks (PM10) við Grenásveg (blá lína), í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (FHG - græn lína) og við Miklubraut (farstöð - bleik lína).


3.8 Aðrir æskilegir en ekki fyrirbyggjandi árangursmælikvarðar fyrir umhverfi á höfuðborgarsvæðinu

- Endurnýting úrgangs
- Umhverfisstærðir starfsemi á svæðinu

4 Lífsgæði og jöfnuður

4.1 Tekjudreifing – Gini stuðull


Gini-stuðullinn (Gini-coefficient) mælir í einni tölu milli 0 og 100 hvernig samanlagðar tekjur allra einstaklinga í landinu dreifast. Hann væri 100 ef sami einstaklingurinn hefði allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur. Ekki liggja fyrir niðurstöður Gini stuðuls fyrir einstök svæði.



Heimild: Hagstofa Íslands

4.2 Hlutfall kvenna í sveitastjórnnum (2006)

Hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum á höfuðborgarsvæðinu er um 44% sem er hæsta hlutfallið á landsvísi.




Heimild: Jafnréttisstofa fyrir Félags-og tryggingamálaráðuneyti

Hér er reiknað einfalt hlutfall kvenna í sveitarstjórn eftir sveitarstjórnakosningar árið 2006. Við útreikning fyrir svæði sóknaráætlunar er stuðst við vengið meðaltal. Þannig er leiðrétt fyrir stærð sveitarfélaga. Mikill munur kann að vera á hlut kvenna í sveitarstjórn milli sveitarfélaga innan svæða. Þar kemur sérstaklega til að hlutur kvenna í sveitarstjórn, þar sem val á fulltrúum fer fram með óhlutbundinni kosningu, er jafnan mun minni en í sveitarfélögum þar sem fulltrúar eru kosnir með hlutbundinni kosningu.

4.3 Íbúafjöldi


Íbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu hefur íbúum fjölgað um 22% frá 1998 til 2009 á meðan fjölgun utan höfuðborgarsvæðisins var 10%.



Heimild: Hagstofa Íslands

4.4 Hlutfall aldraðra á hjúkrunarheimilum

Tæplega 6,6% íbúa á höfuðborgarsvæðinu 65 ára og eldri eru í hjúkrunarrýmum sem er samsvarandi landsmeðaltalinu.




Heimild: Hagstofa Íslands fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Myndin hér að framan sýnir fjölda aldraðra í hjúkrunarrýmum á dvalar- og hjúkrunarheimilum og heilbrigðisstofnunum í desember 2008, samkvæmt upplýsingum rekstraraðila, sem hlutfall af aldurshópi 65 ára og eldri.


4.5 Hlutfall með félagslega heimaþjónustu

Á höfuðborgarsvæðinu er hlutfall íbúa 65 ára og eldri sem njóta heimaþjónustu 22% sem næst hæsta hlutfallið á landsvísu.



Heimild: Hagstofa Íslands fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Myndin sýnir hlutfall heimila, með íbúa í aldurshópnum 65 ára og eldri, sem nutu félagslegrar heimaþjónustu sveitarfélaga með 250 eða fleiri íbúa árið 2008 samkvæmt upplýsingum félagsmálayfirvalda sveitarfélaga.




Heimild: Hagstofa Íslands fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Myndin hér að ofan sýnir meðalfjölda vinnustunda á heimili aldraðra og má skoða í samhengi við hlutfall einstaklinga sem njóta heimaþjónustu til að meta þjónustustig og þjónustubörf.

4.6 Hlutfall félagslegs leiguhúsnæðis

Alls er um 2,0% af íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu leiguhúsnæði í eigu sveitarfélaga sem er rétt undir meðaltali á landsvísu. Eingöngu er um að ræða skuldsettar íbúðir sem leigðar eru íbúum sveitarfélaganna sem eru undir tekju- og eignamörkum. Í einhverjum tilfellum standa íbúðir auðar.

**Hlutfall félagslegs leiguhúsnæðis í eigu sveitarfélaga
sem á hvíla skuldir
2008**




Heimild: Hagstofa Íslands fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

4.7 Hlutfall með fjárhagsaðstoð

Á höfuðborgarsvæðinu er hlutfall 18 ára og eldri sem njóta fjárhagsaðstoðar 2,41% sem er hæsta hlutfallið á landsvísu.

**Hlutfall einstaklinga (+18 ára) sem njóta fjárhagsaðstoðar
sveitarfélaga af heildarfjölda sama aldurshóps
2008**




Heimild: Hagstofa Íslands fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Myndin hér að framan sýnir hlutfall þeirra sem nutu fjárhagsaðstoðar í sveitarfélögum með 250 eða fleiri íbúa árið 2008, samkvæmt upplýsingum félagsmálayfirvalda sveitarfélaga. Viðtakendur sem hlutfalli af aldurshópum samkvæmt miðársmannfjölda.

4.8 Aldurssamsetning

Aldurssamsetning á höfuðborgarsvæðinu er þannig að 65,5% eru á þeim aldri sem talist getur mögulega virkur á vinnumarkaði. Þetta er hæsta hlutfallið á landsvísi. Hlutfall barna er næst lægst á höfuðborgarsvæðinu á meðan hlutfall aldraðra, eða 67 ára og eldri, er aðeins undir meðaltali landsins alls.

Aldurssamsetning eftir svæðum 2009




Heimild: Hagstofa Íslands

4.9 Hlutfall ellilífeyrisþega almannatrygginga

Hlutfall ellilífeyrisþega af heildarfjölda 67 ára og eldri er rúmlega 71,4% á höfuðborgarsvæðinu sem er lægsta hlutfallið á landsvísi.

Hlutfall ellilífeyrisþega almannatrygginga af heildarfjölda aldurshóps (+67 ára) 2008



Heimild: Tryggingastofnun ríkisins fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Hafa ber í huga að fjöldatölur ellilífeyrisþega í desember 2009 eru ekki endanlegar, hægt að sækja um lífeyri 2 ár afturvirkkt.

Á myndinni eru ekki taldir með vistmenn dvalarheimila, né heldur aldraðir sem dvalið hafa á sjúkrastofnun í einn mánuð eða lengur.


Munur á fjölda þega og fjölda aldraðra er skýrður með því að hluti aldraðra hefur tekjur sem eru yfir þeim mörkum sem veita rétt til bóta úr almannatryggingakerfinu. Einnig eru aldraðir sem dvelja á sjúkrahúsi ekki taldir með, því bætur þeirra falla niður eftir mánuð.

Greining TR: Hér má sjá að hæst er hlutfallið á Suðurnesjum, NA-svæði og NV-svæði, en höfuðborgarsvæðið er með lægsta hlutfallið. Þegar skoðuð er tekjuskipting eftir svæðum sést að meðaltal og miðgildi tekna ellilífeyrisþega er töluvert hærra á höfuðborgarsvæðinu. Þar eru t.d. hlutfallslega fleiri af hópnum 67 ára og eldri sem hafa engar lífeyrisgreiðslur vegna of hárra tekna. Einnig eru hlutfallslega flestir á höfuðborgarsvæðinu m.v. önnur landssvæði sem fresta töku lífeyris. Á Suðurnesjum eru tekjur umrædds hóps töluvert lægri en á öðrum svæðum og hlutfallslega fáir á sjúkrahöfnunum. Á Norðvestursvæði eru tekjur einnig töluvert lægri og fáir sem fresta töku lífeyris. Á Norðaustursvæði sem er þriðja hæst, eru hlutfallslega færri á þessu svæði með engar lífeyrisgreiðslur vegna tekna og einnig virðast færri hafa frestað töku lífeyris hér m.v. landsmeðaltal. Aldursdreifing ellilífeyrisþega er svipuð um allt land, en þó eru Suðurnesin langlæsta hlutfall aldraðra (7,84%) af heildarfjölda á svæðinu og Norðvestursvæðið er með langhæsta hlutfall 67 ára og eldri (13,6 % af heildarfjöldanum).

4.10 Hlutfall barna með umönnunarmat

Um 6,2% barna á höfuðborgarsvæðinu er með umönnunarmat sem er félagsleg aðstoð vegna fötlunar eða veikinda. Þetta er þriðja hæsta hlutfallið á landsvísi og hið sama og á Suðursvæði.

Hlutfall barna (0-17 ára) með umönnunarmat af heildarfjölda barna á svæði 2008




Heimild: Tryggingastofnun ríkisins fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Greining TR: Á Suðurnesjum og Vestursvæði er hlutfall barna með umönnunarmat hærra en landsmeðaltalið og hærra en á höfuðborgarsvæðinu. Á Akranesi hefur hlutfallið verið hátt. Þjónusta er fyrir hendi á Akranesi og hefur þar verið myndað sérstakt greiningarteymi. Sömu sögu má segja um Hveragerði og Keflavík. Einnig má segja að félagsleg tenging sé fyrir hendi þ.e. þegar á viðkomandi svæði búa börn með erfiðleika þá flytji fólk með svipaða stöðu þangað ef einnig er fyrir hendi þjónusta á svæðinu. Á fyrrnefndum svæðum er einnig ódýrara húsnæði en á höfuðborgarsvæðinu og gæti verið auðveldara fyrir fjölskyldur með börn með umönnunarmat að festa kaup á hentugra húsnæði t.d. einbýli en á höfuðborgarsvæðinu.

4.11 Hlutfall með örorkumat 2009

Um 7% íbúa á höfuðborgarsvæðinu eru metnir með verulega örorku sem er talsvert undir landsmeðaltali.

Hlutfall einstaklinga með 50-75% örorkumat árið 2009 af heildaríbúafjölda eftir svæðum 2008



Heimild: Tryggingastofnun ríkisins fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Greining TR: Hér eru Suðurnesin með hæsta hlutfallið og þar á eftir NA-svæði og Suðursvæði. Væntanlega hefur staða atvinnumála á svæðinu áhrif og félagsleg staða íbúa. Einnig sækir fólk sem þarf á félagslegri þjónustu að halda í þéttbýli.

4.12 Afbrot

Tölur hér að neðan sýna afbrot í ýmsum flokkum pr. 10.000 íbúa eftir lögregluumdæmum.

	Manndráp og líkamsmeiðingar			Kynferðisbrot			Áfengislagabrot			Fíkniefnabrot		
	2008	2007	2006	2008	2007	2006	2008	2007	2006	2008	2007	2006
Akranes	42,6	40,3	41,5	11,0	15,1	20,8	45,7	43,7	36,3	66,2	80,6	32,9
Borgarnes	34,6	27,6	32,6	7,7	23,7	8,2	21,2	25,7	14,3	88,5	108,5	97,9
Snæfellsnes	61,3	35,0	26,3	7,7	2,5	9,6	30,7	20,0	16,8	15,3	30,0	28,7
Vestfirðir	38,3	25,4	39,8	19,2	18,7	5,3	17,8	26,8	51,7	49,3	52,2	39,8
Blönduós	22,4	25,4	25,1	3,2	6,3	3,1	3,2	22,2	6,3	32,0	44,4	12,5
Sauðárkrókur	37,8	32,6	25,4	4,7	0,0	9,2	9,5	9,3	20,8	28,4	51,2	20,8
Akureyri	48,3	51,1	41,9	6,3	10,2	11,1	53,7	75,8	68,5	49,5	32,7	82,6
Húsavík	28,2	29,6	18,0	14,1	9,9	14,0	10,1	15,8	8,0	16,1	11,8	22,0
Eskifjörður	27,9	23,3	31,1	8,9	3,5	10,4	19,0	26,8	35,0	11,4	8,1	22,0
Seyðisfjörður	16,7	31,1	18,4	10,0	10,4	1,7	23,3	29,6	33,4	10,0	10,4	28,4
Hvolsvöllur	29,5	18,4	28,0	18,1	9,2	7,0	18,1	18,4	18,7	45,3	6,9	39,6
Selfoss	49,3	41,4	25,8	33,9	24,9	11,5	28,0	24,2	34,4	71,2	38,7	69,6
Vestmannaeyjar	81,7	58,9	52,7	7,4	17,2	9,6	111,4	103,1	115,0	111,4	56,4	71,9
Suðurnes	62,2	63,6	67,0	26,9	14,3	14,5	62,7	72,6	100,6	106,8	101,7	108,9
Höfuðborgarsvæðið	39,8	48,3	44,5	9,4	10,3	8,6	21,9	40,7	54,8	46,1	67,1	74,8
Landið allt	42,1	46,0	42,3	11,8	11,4	9,4	28,3	42,6	53,7	50,8	60,1	70,1

Heimild: Afbrotatölfræði 2008. Ríkislögreglustjóri

Höfuðborgarsvæðið er undir landsmeðaltali í flokkunum; manndráp og líkamsmeiðingar, kynferðisbrotum, áfengislagabrotum og fíkniefnabrotum.


	Auðgunarbrot			Eignaspjöll			Nytjastuldur			Friðhelgi einkalífsins		
	2008	2007	2006	2008	2007	2006	2008	2007	2006	2008	2007	2006
Akranes	110,3	134,3	195,4	111,9	125,9	159,1	11,0	3,4	5,2	15,8	10,1	12,1
Borgarnes	154,0	124,3	85,6	109,7	114,5	46,9	9,6	7,9	10,2	15,4	25,7	26,5
Snæfellsnes	58,8	50,0	50,3	43,5	20,0	52,7	15,3	2,5	9,6	17,9	10,0	9,6
Vestfirðir	91,7	44,2	41,1	60,2	69,6	61,0	6,8	5,4	2,7	32,8	29,5	29,2
Blönduós	32,0	38,1	31,3	32,0	34,9	21,9	0,0	3,2	9,4	9,6	9,5	9,4
Sauðárkrókur	47,3	53,5	36,9	70,9	79,1	83,0	2,4	0,0	2,3	16,5	9,3	23,1
Akureyri	138,0	150,8	165,7	94,4	95,8	122,0	11,7	7,7	6,0	13,4	15,3	19,3
Húsavík	30,2	25,6	46,1	26,2	31,5	30,1	6,0	3,9	10,0	12,1	19,7	16,0
Eskifjörður	32,9	68,6	40,1	32,9	36,1	69,9	3,8	4,7	0,0	5,1	9,3	23,3
Seyðisfjörður	68,3	75,5	56,8	43,3	50,4	63,5	6,7	10,4	6,7	5,0	16,3	11,7
Hvolsvöllur	63,4	50,5	65,3	68,0	48,2	63,0	4,5	2,3	0,0	15,9	32,1	21,0
Selfoss	238,9	150,5	137,0	97,2	120,1	118,4	6,7	12,4	13,6	30,0	15,2	29,4
Vestmannaeyjar	136,1	95,7	136,5	151,0	179,1	158,1	12,4	7,4	4,8	37,1	17,2	21,6
Suðurnes	180,3	154,1	243,0	136,2	156,8	163,7	10,8	12,7	27,4	26,0	23,3	36,3
Höfuðborgarsvæðið	332,0	254,8	275,6	101,9	111,3	123,0	15,7	18,1	19,6	16,8	19,3	24,9
Landið allt	256,6	201,0	220,3	96,6	105,4	116,0	13,0	14,2	16,0	17,8	18,7	24,2

Heimild: Afbrotatölfræði 2008. Ríkislögreglustjóri

Höfuðborgarsvæðið er yfir landsmeðaltali í flokkunum; auðgunarbrot, eignaspjöll og nytjastuldur en undir í flokknum sem snýr að brotum á friðhelgi einkalífsins.

4.13 Fjöldi samskipta við heilsugæslustöðvar

Fjölda samskipta á hvern íbúa á höfuðborgarsvæðinu er 6,7 sem er undir landsmeðaltali.



4.14 Aðrir æskilegir en ekki fyrirbyggjandi árangursmælikvarðar fyrir lífsgæði og jöfnuð

- Tekjudreifing – Gini stuðull niður á svæði
- Biðtími eftir hjúkrunarplássi
- Gæði heilbrigðisþjónustu
- Hlutfall íbúa á vinnualdri undir fátæktarmörkum

Vinnumarkaður

5.1 Fjöldi Launagreiðenda eftir atvinnugreinum á höfuðborgarsvæðinu árið 2005

Alls voru 55 fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu með 250 eða fleiri starfsmenn og eru það mest fyrirtæki í verslun og ýmis konar viðgerðarþjónustu. Þessi flokkur er einnig stærstur í fyrirtækjum sem eru í stærðinni 100-249 starfsmenn.

	1	2 - 9	10 - 19	20 - 49	50 - 99	100 - 249	>249
Alls	9.590	4.755	725	398	145	88	55
A Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	98	59	7	4	0	0	0
B Fiskveiðar	83	69	6	5	3	0	0
C Námsgöngu- og vinnsla hráefna úr jörðu	1	1	2	0	1	0	0
D Iðnaður	556	478	88	68	23	12	8
E Veitur	0	4	0	0	1	0	2
F Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	1.772	799	80	36	11	6	2
G Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	875	1.057	192	84	28	19	12
H Hótel- og veitingahúsarekstur	105	196	80	53	9	4	2
I Samgöngur og flutningar	875	128	22	19	9	4	8
J Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	107	69	12	16	7	8	3
K Fasteignaviðsk., leigustarfs. og ýmis sérhæfð þjónusta	2.401	978	108	56	24	13	4
L Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	9	10	3	4	4	2	8
M Fræðslustarfsemi	189	47	11	11	6	3	0
N Heilbrigðis og félagsþjónusta	999	352	37	14	9	12	5
O Önnur samfélagsþjón., félags- og menningarstarfsemi o.fl.	1.445	504	77	28	10	5	1
Q Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt	0	0	0	0	0	0	0
Ótilgreind starfsemi	75	4	0	0	0	0	0

Heimild: Hagstofa Íslands

5.2 Fjöldi starfandi eftir atvinnugreinum


Meðfylgjandi tafla sýnir skiptingu starfandi fólks niður á hinar ýmsu greinar. Þjónusta vegur þýngst, því næst iðnaður og framleiðslustarfsemi en frumvinnslugreinararnar minnst. Hér er miðað við árið 2008.

	2008			
	Karlar	Konur	Alls	Hlutfall
Landbúnaður (A)	400	100	500	0,43%
Fiskveiðar (B)	600	0	700	0,60%
Landbúnaður og fiskveiðar alls	1.000	100	1.100	0,94%
Fiskiðnaður (DA 1520)	500	100	600	0,52%
Annar iðnaður (D án DA 1520)	7.800	3.000	10.800	9,27%
Veitur (E)	800	300	1.100	0,94%
Mannvirkjagerð (F)	9.600	600	10.200	8,76%
Framleiðslustarfsemi alls	18.700	4.000	22.700	19,48%
Verslun og viðgerðarþjónusta (G)	9.900	7.300	17.200	14,76%
Hótel- og veitingahúsarekstur (H)	2.200	2.200	4.400	3,78%
Samgöngur og flutningar (I)	5.500	2.500	8.000	6,87%
Fjármálaþjónusta og tryggingar (J)	3.400	4.100	7.500	6,44%
Fasteignaviðsk. og ýmis þjón. (K)	8.600	4.600	13.100	11,24%
Opinber stjórnsýsla (L)	3.100	3.400	6.500	5,58%
Fræðslustarfsemi (M)	3.300	5.400	8.700	7,47%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta (N)	3.400	14.800	18.100	15,54%
Önnur samfélagsleg þjónusta, menningarstarfsemi og ótilgr (O-Q).	4900	4100	9000	7,73%
Þjónustustarfsemi alls	44.200	48.600	92.700	79,57%
Samtals allir flokkar	63.900	52.700	116.500	100,00%

Heimild: Hagstofa Íslands


5.3 Umfang erlends vinnuafls

Ef lítið er til Íslands í heild má sjá að erlent vinnuafli er hlutfallslega lítill hluti vinnuafls í samanburði við önnur lönd.



Heimild: Hagstofa Íslands


Eins og sjá má á myndinni hér að neðan er hlutfall erlendra ríkisborgara hæst á Austursvæði eða tæplega 12% en hlutfallið er um 7,8% á höfuðborgarsvæðinu sem er nálægt meðaltali á landsvísi. Hlutfall erlendra ríkisborgara sem fengu ríkisborgararétt á undanförunum 10 árum er nálægt landsmeðaltali á höfuðborgarsvæðinu.



Heimild: Hagstofa Íslands fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

5.4 Atvinnuleysi (hlutfall)

Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu er næst hæst á landsvísu og mælist 8,8% á meðan landsmeðaltal er um 8%.




Heimild: Vinnumálastofnun fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið


5.5 Menntunarstig atvinnulausra

Almennt virðist lágt menntunarstig einkenna atvinnuleysi á landsbyggðinni. Hins vegar er hlutfall atvinnulausra sem eru með meiri menntun hærra á höfuðborgarsvæðinu en á landinu í heild. Það helgast hugsanlega líka af því að hærra hlutfall fólks með framhaldsmenntun býr á höfuðborgarsvæðinu.

Menntunarstig atvinnulausra á Höfuðborgarsvæðinu




Menntunarstig atvinnulausra - landið allt



Heimild: Vinnumálastofnun fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

5.6 Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara

Á höfuðborgarsvæðinu er atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara meira en atvinnuleysi á svæðinu í heild. Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara mælist nú tæplega 12% á höfuðborgarsvæðinu.




Heimild: Vinnumálastofnun fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið


5.7 Aldursdreifing atvinnulausra

Dreifing atvinnuleysis eftir aldri er mjög svipað á höfuðborgarsvæðinu eins og á landinu í heild. Á fámennari svæðum virðist heldur meira um atvinnuleysi í yngstu og elstu aldurshópunum.

Aldursdreifing atvinnulausra á Höfuðborgarsvæðinu



Aldursdreifing atvinnulausra, landsmeðaltal




Heimild: Vinnumálastofnun fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

5.8 Munur á heildarlaunum kynja (2006)

Launamunur kynjanna er talsverður á höfuðborgarsvæðinu sem birtist þannig að heildarlaun kvenna eru um 61% af heildarlaunum karla. Tvö svæði eru með minni mun og fimm svæði með meiri mun.

Hlutfall heildarlauna kvenna af heildarlaunum karla 2006



Heimild: Jafnréttisstofa fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Heildarlaun kvenna sem hlutfall af heildarlaunum karla: Upplýsingar eru unnar af Jafnréttisstofu úr gögnum frá Ríkisskattstjóra til Hagstofu Íslands. Um er að ræða útreikninga á skattskyldum tekjum karla og kvenna, atvinnutekjum og heildartekjum. Þannig eru reiknaðar með til tekna allar aukagreiðslur til launþega. Við útreikning er stuðst við vegið meðaltal til þess að leiðrétta fyrir stærð sveitarfélaga. Gögnin gilda fyrir árið 2006.

Greining: Konur á Norðvestursvæði hafa hærra hlutfall af heildarlaunum karla en konur á öðrum landssvæðum (67,4% af heildarlaunum karla) á sama svæði. Skýringa má leita í því að stærstu sveitarfélög á svæðinu eru frekar há hvað þetta varðar. Einnig má geta þess að á þessu svæði eru eilítið minni möguleikar fyrir karla að hafa háar tekjur af störfum tengdum sjávarútvegi, en t.d. á Vestfjarðarsvæði og Norðaustursvæði.

5.9 Aðrir æskilegir en ekki fyrirbyggjandi árangursmælikvarðar fyrir vinnumarkað

- Fjöldi árlegra vinnustunda pr. vinnandi mann
- Meðalbreyting launakostnaðar 5 ára tímabil
- Inn- og útstreymi vinnuafls

6 Grunn- og leikskólar

6.1 Fjárframlög til menntunar

Kostnaður við hvern nemanda í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu er hæstur á landsvísu en kostnaður pr. nemenda í grunnskólum er undir landsmeðaltali.

Svæði	Leikskólar	Grunnskólar
Höfuðborgarsvæði	1.140.000	1.074.000
Vestursvæði	970.000	1.128.000
Vestfjarðasvæði	1.016.000	1.173.000
Norðvestursvæði	860.000	1.237.000
Norðaustursvæði	966.000	1.121.000
Austursvæði	1.087.000	1.403.000
Suðursvæði	999.000	1.170.000
Suðurnes	1.077.000	980.000
Landsmeðaltal	1.014.375	1.160.750

Heimild: Árbók Sveitarfélaga 2009

6.2 Frammistaða í námi

6.2.1 Samræmd próf í 4. Bekk

Frammistaða nemenda á höfuðborgarsvæðinu var best í íslensku og næst best í stærðfræði á árinu 2009.

Frammistaða á samræmdum könnunarprófum í 4. bekk eftir landssvæðum 2009

	Íslenska		Stærðfræði	
	M.	Fj.	M.	Fj.
Höfuðborgarsvæði	30,9	2411	30,5	2447
Vestursvæði	28,0	204	28,4	210
Vestfjarðasvæði	28,3	90	27,7	96
Norðvestursvæði	30,4	116	31,3	113
Norðaustursvæði	30,2	377	29,7	378
Austursvæði	30,0	143	30,9	140
Suðursvæði	29,2	336	29,4	344
Suðurnes	25,2	284	27,7	286
Samtals	30,0	3961	30,0	4014

M = meðalta, fj. = fjöldi.

Niðurstöður eru á normaldreifðum kvarða þar sem landsmeðaltal er 30 (samræmd grunnskólaeinkunn).

Heimild: Námsmatsstofnun

6.2.2 Samræmd könnunarpróf í 7. Bekk

Í 7. bekk er frammistaða nemenda á höfuðborgarsvæðinu best á landsvísu ásamt Norðvestursvæði í íslensku og næst best í stærðfræði 2009 á eftir Norðvestursvæði.

Frammistaða á samræmdum könnunarprófum í 7. bekk eftir landssvæðum 2009.

	Íslenska		Stærðfræði	
	M.	Fj.	M.	Fj.
Höfuðborgarsvæði	31,0	2.334	31,2	2.374
Vestursvæði	29,9	217	29,3	224
Vestfjarðasvæði	28,8	87	27,4	86
Norðvestursvæði	31,0	93	31,3	91
Norðaustursvæði	30,0	406	28,4	409
Austursvæði	29,6	138	28,2	141
Suðursvæði	27,6	359	28,0	358
Suðurnes	25,8	282	27,0	280
Samtals	30,0	3.916	30,0	3.963

M = meðalta, fj. = fjöldi.

Niðurstöður eru á normaldreifðum kvarða þar sem landsmeðaltal er 30 (samræmd grunnskólaeinkunn).

Heimild: Námsmatsstofnun

6.2.2.1 Framfarir milli 4. og 7. Bekkjar

Nemendur á höfuðborgarsvæðinu ná meiri framförum milli 4. og 7. bekkjar en nemendur almennt á landinu í heild, þó ná nemendur á Norðaustursvæði meiri framförum í stærðfræði, m.v. mælingar 2009.

Framfaratölur sem sýna þróun á stöðu nemenda milli 4. og 7. bekkjar.

	Íslenska		Stærðfræði	
	M.	Fj.	M.	Fj.
Höfuðborgarsvæði	1,01	2121	1,01	2182
Vestursvæði	0,98	249	0,98	262
Vestfjarðasvæði	1,00	202	0,99	208
Norðvestursvæði	0,96	81	0,95	79
Norðaustursvæði	1,01	84	1,03	88
Austursvæði	0,99	372	0,99	391
Suðursvæði	0,98	135	0,98	136
Suðurnes	0,99	325	0,99	333
Samtals	1,00	3569	1,00	3679

M = meðalta, fj. = fjöldi.

Heimild: Námsmatsstofnun

6.2.3 Samræmd könnunarpróf í 10. Bekk

Árangur nemenda á höfuðborgarsvæðinu er bestur í þeim þremur námsgreinum sem gerð var könnun á í 10. bekk árið 2009.

Frammistaða á samræmdum könnunarprófum í 10. bekk eftir landssvæðum 2009.

	Íslenska		Stærðfræði		Enska	
	M.	Fj.	M.	Fj.	M.	Fj.
Höfuðborgarsvæði	30,90	2.447	31,20	2.431	31,50	2.420
Vestursvæði	27,00	313	27,00	292	28,00	306
Vestfjarðasvæði	29,10	218	28,00	218	27,40	216
Norðvestursvæði	28,30	104	29,00	106	27,50	107
Norðaustursvæði	29,80	95	28,20	89	27,80	90
Austursvæði	30,40	420	30,40	420	29,20	414
Suðursvæði	29,40	116	27,70	114	28,10	114
Suðurnes	27,30	341	26,50	337	26,30	330
Samtals	30,00	4.054	30,00	4.007	30,00	3.997

M = meðalta, fj. = fjöldi.

Niðurstöður eru á normaldreifðum kvarða þar sem landsmeðaltal er 30 (samræmd grunnskólaeinkunn).

Heimild: Námsmatsstofnun

6.2.3.1 Framfarir milli 7. og 10. Bekkjar

Framfarir nemenda á höfuðborgarsvæðinu milli mælinga í 7. og 10. bekk eru í samræmi við þróunina á landinu í heild 2009.

Framfaratölur sem sýna þróun á stöðu nemenda milli 7. og 10. bekkjar 2009.


	Íslenska		Stærðfræði	
	M.	Fj.	M.	Fj.
Höfuðborgarsvæði	1,00	2.279	1,00	2.290
Vestursvæði	0,99	289	0,98	269
Vestfjarðasvæði	1,01	202	1,00	205
Norðvestursvæði	1,00	100	1,01	100
Norðaustursvæði	1,01	89	1,01	86
Austursvæði	0,99	390	1,00	396
Suðursvæði	1,00	110	0,99	111
Suðurnes	0,99	315	0,98	319
Samtals	1,00	3.774	1,00	3.776

M = meðalta, fj. = fjöldi.


Heimild: Námsmatsstofnun

6.2.4 Frammistaða í námi - 15 ára PISA könnun

Nemendur á höfuðborgarsvæðinu eru með árangur undir meðaltali í lesskilningi og náttúrufræði en yfir meðaltali í stærðfræði árið 2006. Athygli vekur að staðan versnar í öllum mælingum milli 2003 og 2006.



Mynd 6.1. Þróun lesskilnings, stærðfræðikunnattu og náttúrufræðiþekkingar eftir landshlutum síðustu 6 ár.




Mynd 6.2. Þróun lesskilnings, stærðfræðikunnattu og náttúrufræðiþekkingar eftir landshlutum, breyting í PISA stigum frá árinu 2000 (* = Marktæk breyting milli ára miðað við 95% öryggismörk).

Heimild: Námsmatsstofnun

6.3 Lestrarkunnátta 9 ára barna (PIRLS 2006)

Lesskilningur 9 ára barna á höfuðborgarsvæðinu er mestur á landsvísu ásamt Norðvestursvæði.



Heimild: Námsmatsstofnun

6.4 Mat á líðan í skóla

Samkvæmt könnun sem gerð var 2006 mældist líðan grunnskólanema í heild á höfuðborgarsvæðinu yfir landsmeðaltali. Líðan stráka á svæðinu var lakari en stúlkna samkvæmt mælingunni.

	Allir		Strákar		Stelpur	
	Líðan í skólanum		Líðan í skólanum		Líðan í skólanum	
	Yfirleitt mjög eða frekar vel	Hvorki vel né ílla, frekar ílla	Yfirleitt mjög eða frekar vel	Hvorki vel né ílla, frekar ílla	Yfirleitt mjög eða frekar vel	Hvorki vel né ílla, frekar ílla
Höfuðb.svæði	77,95%	22%	78%	22%	82%	18%
Vestursvæði	78,00%	22%	78%	22%	78%	22%
Vestfjarðasvæði	68,10%	32%	65%	35%	71%	29%
Norðvestursvæði	67,80%	32%	65%	35%	71%	29%
Norðaustursvæði	75,70%	24%	74%	26%	77%	23%
Austursvæði	75,00%	25%	73%	27%	78%	22%
Suðursvæði	72,50%	28%	69%	31%	76%	24%
Suðurnes	72,80%	27%	67%	33%	79%	21%
Landsmeðaltal	77,30%	23%	75%	25%	80%	20%

Heimild: Heilsa og Lífskjör skólabarna 2006, Háskólinn á Akureyri, Þóroddur Bjarnason ofl.

6.5 Drykkja grunnskólanema

Í rannsókn sem gerð var 2006 var kannað hve oft ungmenni í 10. bekk hefðu neytt áfengis. Um 39% stráka og tæplega 45% stelpna í Reykjavík svöruðu að þau hefðu orðið ölvuð á síðustu 12 mánuðum, en í nágrenni Reykjavíkur voru þessi hlutföll heldur lægri eða 32% stráka og 41% stelpna.

Ölvun síðastliðna 12 mánuði ---- Aðeins spurt í 10. bekk					
	Strákar		Stelpur		Fjöldi
	Ölvun síðustu 12 mánuði		Ölvun síðustu 12 mánuði		
	Aldrei	Einu sinni eða oftar	Aldrei	Einu sinni eða oftar	
Landið í heild	62,9%	37,1%	58,1%	41,9%	3773
Reykjavík	60,8%	39,2%	54,7%	45,3%	1239
Nágrenni Reykjavíkur	68,4%	31,6%	59,3%	40,7%	949
Suðurnes	65,1%	34,9%	62,6%	37,4%	213
Vesturland	64,9%	35,1%	58,3%	41,7%	217
Vestfirðir	46,7%	53,3%	61,5%	38,5%	97
Norðurland vestra	48,6%	51,4%	53,4%	46,6%	143
Norðurland eystra	78,4%	21,6%	65,5%	34,5%	433
Austurland	48,2%	51,8%	53,2%	46,8%	162
Suðurland	50,0%	50,0%	57,5%	42,5%	316

Heimild: Heilsa og Lífskjör skólábarna 2006, Háskólinn á Akureyri, Þóroddur Bjarnason ofl.

6.6 Reykingar grunnskólanema

14,5% nemenda í 10. bekk á Reykjavík og 7,8% nemenda í nágrenni Reykjavíkur reykja daglega miðað við könnun sem gerð var 2006.

	Nemendur í 6. bekk		Nemendur í 8. bekk		Nemendur í 10. bekk		Fjöldi
	Daglegar reykingar		Daglegar reykingar		Daglegar reykingar		
